

Holly Roussel Perret-Gentil

Landmark: The Fields of Photography

Frá hinu upphafna að því fáránlega

Fimmtudaginn 14. janúar

Þjóðminjasafni Íslands kl. 16:00 – 17:00

Samtímaljósmyndarar hafa endurskoðað hina rótgrónu hefð landslagsljósmyndunar út frá tækniþróun og nýjum aðferðum. Kastljósinu hefur verið beint frá hinni ósnortnu landslagssýn 20. aldar að landslagi sem maðurinn hefur breytt eftir sínu höfði.

Út frá sýningunni og bók sem henni fylgir, *Landmark: The Fields of Photography*, sem Holly Roussel Perret-Gentil vann í samstarfi við William Ewing, mun hún tala um hvernig þessi umfangsmikla ljósmyndarannsókn var unnin og sýna úrval landslagsverka 21. aldar ljósmyndara, í þeim tilgangi að skoða þetta gróskumikla svið á ítarlegan hátt. Þar á meðal eru verk af ósnortnum svæðum á jörðinni, af sundurgröfnum landsvæðum og myndir af skálduðu landslagi.